

senda hingað myndastyttu af Leifi Eiríkssyni. Tvent gekk þeim til þess að gera þetta. Í fyrsta lagi á mynd þessi að sýna virðingu yngsta lýðfrelsisríkisins fyrir elsta lýðfrelsisríkinu, og jafnframt er það viðurkenning fyrir það, að Íslendingar fundu Ameríku fyrir rúmum 900 árum. Verði þessi mynd talandi vottur þessa eins lengi og Ísland er til, ævarandi minnismerki um hetjudáð og áræði hinna fornu Íslendinga! — Og verði það ætíð hvöt fyrir komandi kynslóðir, sem eiga að berjast við hin ómótstæðilegu forlög, að þær setji markið hátt og taki sjer til fyrirmyndar hreinskilni og göfugmensku þess sjófaranda, sem á nafn sitt léttrað á sinn kalda stein.

Í nafni Bandaríkjaþjóðarinnar og sem fulltrúar hennar, kosnir af þjóðþinginu þar, og í nafni forseta Bandaríkjaanna og eftir fyrirmælum hans, tilkynnum vjer hjer með þessa gjöf, sem gefin er í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis Íslendinga. Það var Íslands sonur sem varð fyrstur til þess hvítra manna að finna Ameríku og stíga þar á land. Sonur íslenskra foreldra, fæddur einhverstaðar í Norður-Ameríku, var hinn fyrsti hvíti innflytjandi til Íslands eða Evrópu frá Norður-Ameríku. — Og fyrsta lýðfrelsisríkið, sem stofnað var í Ameríku færir nú hjer með bestu heillaóskakveðjur sínar og vinarkveðjur hinu elsta lýðfrelsisríki í heimi, er varð fyrstur til þess, allra Norðurálfuríkja að hrista af sjer á nauðarhlekkina.

Myndin af Leifi heppna á að vera tákn sameiginlegs vilja allra þjóða, vestan hafs og austan, að þær dái manndáð og frels isást, að best af öllu sje að allar þjóðir jarðar bindist vináttuböndum og styðji hver aðra.



Tveir íslenskir skákmeistarar



Hannes Hafstein
Skákmeistari
Íslands.



Ásmundur Ásgeirsson
Skákmeistari
Reykjavíkur.

Á meðan þúsund ára afmælishátíð Alþingis var undirbúin af miklu kappi hjer í Reykjavík, var hið 17. skákþing Íslendinga háð á Siglufirði dagana 17. til 24. maí síðastl. Skákþing Íslendinga er hin árlega hátíð íslenskra skákmanna, og er því rjett að minnast hennar að nokkru, svo sem venja hefir verið.

Að þessu sinni tefldu á skákþinginu 14 skákmenn frá 4 fjelögum, og hafa aðeins tvisvar áður jafnmörg fjelög sent menn til þingsins, á Akureyri 1927 og í Reykjavík 1928. Annars hafa báttakendur að jafnaði verið aðallega frá Taflfjelagi Reykjavíkur, eins og kunnugt er. — Skákmeistari Íslands hefir altaf verið úr Taflfjelagi Reykjavíkur, og svo varð enn á þessu þingi, þó aðeins væri þar mættur einn keppandi frá Taflfjelagi Reykjavíkur, þ. e. hinn nýkrýndi skákmeistari Íslands, Hannes Hafstein.

Keppendur á þessu þingi voru aðeins sex menn í fyrsta flokki, þeir Hannes Hafstein frá Taflfjelagi Reykjavíkur með 5½ vinning, Sveinn Þorvaldsson frá Skákfjelagi Sauðkræklinga með 4½ vinning, Sophus Á. Blöndal frá Skákfjelagi Siglufjarðar með 3½ vinning, og fengu þeir

fyrstu, önnur og þriðju verðlaun eins og vinningarnir segja til um. Ennfremur keptu í þessum flokki Stefán Sveinsson frá Skákfjelagi Akureyrar, Þráinn Sigurðsson og Sveinn Hjartarson, báðir frá Skákfjelagi Siglufjarðar.

Í öðrum flokki keptu átta menn frá Skákfjelagi Siglufjarðar, þeir Aage Schiöth, Páll Jónsson, Stefán Kristjánsson, Jónas Jónsson, Skarphjediinn Pálsson, Sigurður Lárússon, Friðbjörn Nielsson og Páll Einarsson. Fyrstu verðlaun í þeim flokki hlaut Stefán Kristjánsson og vann hann allar skákirnar, önnur verðlaun hlaut Páll Einarsson með 5 vinninga og þriðju verðlaun Skarphjediinn Pálsson með 4 vinninga.

Skákþingi þessu stýrði Sigurður Kristjánsson kaupmaður á Siglufirði með mikilli prýði, og á hann þakkir skildar fyrir það starf, sem á margan hátt er vandasamt.

Hinn nýi skákmeistari Íslands, hinn sjötti í röðinni, Hannes Hafstein, er tæpra 22 ára að aldri, fæddur 6. ágúst 1908. Á 16. árinu fór hann að gefa sig við skákiðkunum. Þegar hann kom hingað til Reykjavíkur árið 1927, hlaut hann sæti í fyrsta flokki Tafl-